



Fundargerð 1. fundar notendahóps fjölmiðla

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands miðvikudaginn 13. apríl 2016 milli 9:30 og 10:35.
Notendur sem mættu á fundinn voru:

Pátttakandi	Fjölmiðill
Lára Ómarsdóttir	RÚV
Sunna Karen Sigurþórsdóttir	365
Þórður Snær Júlíusson	Kjarninn

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri – Efnahagssvið
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri - Fyrirtækjasvið
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Kynning
2. Hvað þarf Hagstofan að bæta?

Fundargerð og niðurstöður

1. Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund notendahóps fjölmiðla. Fram kom að Hagstofan hefur skipt notendum (viðskiptavinum) í nokkra hópa og sem dæmi um hópa má nefna greiningaraðila, rannsóknarsamfélagið, stjórnvöld og fjölmiðla. Gert er ráð fyrir að innan hvers hóps notenda séu þarfir svipaðar og vill Hagstofan skilja betur hverjar þessar þarfir eru og eins vita af væntingum og áherslum hvers hóps. Með þessu móti getur Hagstofan betur forgangsraðað umbótaverkefnum og komið betur til móts við væntingar. Jafnframt kom fram að alls hafði 10 fjölmiðlum verið boðin þátttaka á þessum fundi en aðeins þrjú þeirra sáu sér fært að mæta.
2. Umræðurnar snérist um atriði sem Hagstofan getur bætt til að koma betur til móts við fjölmiðla. Spurt var um hvaða hagtölur vantar, hvaða þjónustu vantar og hvað má bæta. Þátttakendur frá fjölmiðlum fengu síðan 8 punkta hver til forgangsroðunar. Þeir máttu dreifa punktunum eins og þeim sjálfum sýndist en þeim fleiri punktar, þeim mikilvægara umbóta-verkefni að mati þátttakenda. Eftirfarandi umbótahugmyndir komu fram á fundinum (tölur í sviga sýna fjölda punkta sem viðkomandi atriði fékk):

- (5) Meiri upplýsingar um húsnæðismarkað (t.d. að safna upplýsingum sem eru á skra.is og birta á Hagstofuvefnum)
- (5) Menntun og aldur fólks sem flyst til landsins og frá því
- (4) Meira niðurbrot eftir aldri einstaklinga (í hagtölum almennt)
- (3) Meiri upplýsingar úr atvinnulífinu og meira niðurbrot á atvinnuflokka
- (3) Bein og óbein eign í skráðum fyrirtækjum
- (3) Geta notað myndir beint af Hagstofuvefnum (copy-paste)
- (1) Fjöldi kosningabærra
- (0) Stytta vinnslutíma á sérvinnslum (sérvinnslum)
- (0) Námskeið fyrir notendur um notkun Hagstofuvelsins og meðhöndlun tölfraeðilegra upplýsinga

Fundarstjóri þakkaði þátttakendum fyrir komuna. Niðurstöður fundarins verða notaðar við forgangsröðun verkefna á Hagstofunni. Þátttakendur verða upplýstir um stöðu þessara verkefna eftir 6 til 8 mánuði. Ekki var rætt um áframhaldandi starf hópsins (notendahópur fjölmiðla) en það fer nokkuð eftir áhuga fjölmiðla á því að halda þessu samstarfi áfram.